

Ársreikningur

Rafmennt ehf.

2023



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar og áritun stjórnar á ársreikninginn	2
Áritun endurskoðenda	3 - 4
Rekstrarreikningur ársins 2023	5
Efnahagsreikningur 31. desember 2023	6
Sjóðstreymi ársins 2023	7
Skýringar	8 - 11

Stjórn félagsins Rafmennt ehf.:

Hjörleifur Stefánsson, formaður
Andri Reyur Haraldsson
Andri Jóhannesson
Helgi Rafnsson
Hjörtur Árnason
Margrét Halldóra Arnardóttir
Pétur Hákon Halldórsson
Ragnar Guðmundur Gunnarsson

Framkvæmdastjóri:

Þór Pálsson

Kjörinn endurskoðandi:

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Theodór S. Sigurbergsson
lögiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám.

Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins 9,3 millj.kr. á árinu. Eigið fé félagsins í lok árs var jákvætt um 63,1 millj.kr. en var um 53,8 millj.kr. í byrjun árs. Stjórn félagsins leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til næsta árs og ekki er gerð tillaga um úthlutun arðs. Að öðru leyti vísast til ársreikningsins varðandi fjárhagsstöðu félagsins og rekstur þess á liðnu ári.

Stöðugildi hjá félaginu voru 12 og launagreiðslur félagsins námu um 142,9 millj.kr. á árinu. Stöðugildi hjá félaginu á fyrra ári voru 11,5 og launagreiðslur félagsins námu um 121 millj.kr. á árinu 2022.

Hlutfé félagsins skiptist þannig:

Rafiðnaðarsamband Íslands	250.000	50,0%
Samtök rafverktaka	250.000	50,0%
	<u>500.000</u>	

Stjórn Rafmenntar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning skólans fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. maí 2024

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Rafmenntar ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning félagsins Rafmennt ehf. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit yfir heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu skólans á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð skólanum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan). Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlit á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi skólans. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa skólann upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Næganleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda - frh.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitungu við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi skólans:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á.

Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits skólans.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi skólans.

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félagsins, til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar skólans. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Theodór Sigurbergsson

löggiltur endurskoðandi

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 7. maí 2024

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrartekjur			
Námskeiða- og skólagjöld	9	56.414.737	32.732.148
Framlög og aðrar tekjur	10	496.986.085	317.004.200
		<u>553.400.822</u>	<u>349.736.348</u>
Rekstrargjöld			
Námskeiða- og verkefnakostnaður	11	(191.280.197)	(95.508.658)
Laun og verktakagreiðslur	12	(277.015.792)	(182.278.201)
Annar rekstrarkostnaður	13	(70.693.170)	(60.123.122)
Afskriftir	2, 4	(6.019.598)	(4.901.254)
		<u>(545.008.757)</u>	<u>(342.811.235)</u>
Hagnaður fyrir fjármagnsliði		8.392.065	6.925.113
Fjármagnsliðir			
Fjármunatekjur		1.064.286	566.004
Fjármagnsgjöld		(128.504)	(61.676)
Hrein fjármagnsgjöld		<u>935.782</u>	<u>504.328</u>
Afkoma ársins		<u>9.327.847</u>	<u>7.429.441</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr.	2023	2022
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	25.094.774	21.255.347
Áhættufjármunir og langtímakröfur	5	250.000	250.000
Fastafjármunir		<u>25.344.774</u>	<u>21.505.347</u>
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakröfur	6	17.703.777	3.702.550
Aðrar kröfur	6	1.336.881	344.680
Handbært fé		82.272.014	101.160.112
Veltufjármunir		<u>101.312.672</u>	<u>105.207.342</u>
Eignir alls		<u>126.657.446</u>	<u>126.712.689</u>
 Eigið fé og skuldir			
Hlutfé		500.000	500.000
Óráðstafað eigið fé		62.641.515	53.313.668
Eigið fé	7	<u>63.141.515</u>	<u>53.813.668</u>
Viðskiptaskuldir		23.510.226	11.651.930
Ólokin verkefni samkvæmt samningum		16.000.000	39.000.000
Ýmsar skammtímaskuldir		24.005.705	22.247.091
Skuldir alls		<u>63.515.931</u>	<u>72.899.021</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>126.657.446</u>	<u>126.712.689</u>

Sjóðstreymi ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður af reglulegri starfsemi		9.327.847	7.429.441
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	6.019.598	4.901.254
		<u>15.347.445</u>	<u>12.330.695</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun)	(14.993.428)	12.759.502
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun)		13.616.910	(6.877.340)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(<u>1.376.518)</u>	<u>5.882.162</u>
		<u>13.970.927</u>	<u>18.212.857</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfest í eignarhlutum og langtímakröfum		0	(250.000)
Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum	4	(21.159.025)	(18.887.735)
Móttekin framlög vegna varanlegra rekstrarfjármuna		11.300.000	14.000.000
		<u>(9.859.025)</u>	<u>(5.137.735)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Ólokin verkefni; hækkun (lækkun)	(23.000.000)	20.700.000
		<u>(23.000.000)</u>	<u>20.700.000</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(18.888.098)	33.775.122
Handbært fé í ársbyrjun		101.160.112	67.384.990
Handbært fé í lok árs		<u>82.272.014</u>	<u>101.160.112</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Aðalstarfsemi félagsins Rafmennt ehf. er fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám og er félagið með aðalstarfsstöð í Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins Rafmennt ehf. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um ábyrgð stjórnenda varðandi upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir byggja stjórnendur á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á tímabilinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun	142.901.875	120.986.847
Lífeyrissjóðsgjöld	19.875.592	16.602.972
Önnur launatengd gjöld	17.299.603	11.962.443
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>180.077.070</u>	<u>149.552.262</u>
Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf	<u>12,0</u>	<u>11,5</u>
Launagreiðslur til stjórnenda félagsins:		
Framkvæmdastjóri - stjórnar- og kennslulaun	18.395.478	17.241.436
Stjórnarmenn	3.360.864	3.419.620

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Innréttingar og búnaður	Kennslutæki og tölvubún.	Samtals
Heildarverð 1.1. 2023	36.478.371	32.501.859	68.980.230
Afskrifað áður	(22.490.920)	(25.233.963)	(47.724.883)
	<u>13.987.451</u>	<u>7.267.896</u>	<u>21.255.347</u>
Viðbót á árinu	989.722	20.169.303	21.159.025
Móttækin framlög	0	(11.300.000)	(11.300.000)
Afskrifað á árinu	(3.271.729)	(2.747.869)	(6.019.598)
Heildareign 31.12. 2023	<u>11.705.444</u>	<u>13.389.330</u>	<u>25.094.774</u>
Afskriftarhlutföll	20%	20-30%	

5. Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutir í eigu félagsins Rafmennt ehf. greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Nemastofa atvinnulífsins	50,0%	250.000	250.000
		<u>250.000</u>	<u>250.000</u>

6. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur	2023	2022
Viðskiptamenn	17.386.962	3.560.505
Greiðslukort	316.815	142.045
	<u>17.703.777</u>	<u>3.702.550</u>
Aðrar skammtímakröfur		
Ýmsar skammtímakröfur	1.251.655	0
Fyrirframgreidd laun	1.878	0
Fyrirframgreiðslur	83.348	344.680
	<u>1.336.881</u>	<u>344.680</u>

7. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam 500 þús.kr. í lok ársins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári	500.000	53.313.668	53.813.668
Hagnaður ársins		9.327.847	9.327.847
Eigið fé samtals 31.12. 2023	<u>500.000</u>	<u>62.641.515</u>	<u>63.141.515</u>

8. **Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir**

Viðskiptaskuldir	2023	2022
Lánardrotnar	21.735.901	6.385.015
Ógreiddur kostnaður	1.774.325	5.266.915
	<u>23.510.226</u>	<u>11.651.930</u>
 Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreitt áfallið orlof	13.795.000	12.026.000
Ógreidd staðgreiðsla	3.353.513	3.597.783
Ógreiddur lífeyrissjóður	2.556.166	2.689.850
Ógreitt starfsmannafélag	1.110.000	857.000
Ógreitt tryggingargjald	890.268	922.981
Ógreidd félagsgjöld	348.702	354.897
Sveinsbréfagjöld	748.900	1.144.900
Sveinspróf rafvirkja frá Fræðsluskrifstofu	610.300	610.300
Aðrar skuldir	592.856	43.380
	<u>24.005.705</u>	<u>22.247.091</u>

Skýringar ársins 2023 frh.

	2023	2022
9. Námskeiða- og skólagjöld		
Námskeið	35.114.737	30.032.148
Kvikmyndagerð - skólagjöld	21.300.000	2.700.000
Námskeiða- og skólagjöld	56.414.737	32.732.148
10. Framlög og aðrar tekjur		
Framlög frá Menntasjóði	424.100.000	303.500.000
Ríkissjóður vegna verkefna	35.443.000	29.715.100
Fræðslumiðstöð atvinnulífssins	11.771.000	7.723.800
Leiga á stofum	588.000	508.000
Annað	2.084.085	1.257.300
	473.986.085	342.704.200
Ónýtt rekstrarframlag í ársbyrjun	39.000.000	13.300.000
Ónýtt rekstrarframlag í árslok	(16.000.000)	(39.000.000)
Framlög og aðrar tekjur	496.986.085	317.004.200
11. Námskeiða- og verkefnakostnaður		
Styrkur til félagsmanna v/námskeiða annars staðar	50.457.516	33.921.445
Kostnaður vegna sveinsprófa	26.762.829	20.892.002
Euroskills	20.911.265	1.029.469
Ýmis námskeiðakostnaður	15.694.690	6.868.183
Auglýsingar og kynningarkostnaður	15.409.278	4.192.789
Námsgögn og kennslugögn	15.251.070	2.553.469
Spjaldtölvuverkefni	9.817.394	12.070.288
Námskrágerð	5.763.624	0
Raunfærismat	5.070.000	3.820.000
Rekstur tölvukerfis.....	4.900.317	5.424.293
Viðhald á kennslutækjum	2.287.691	495.568
Rafbókarverkefni	2.109.108	2.335.008
Fundar- og kaffikostnaður	676.430	596.883
Ferðastyrkur til félagsmanna v/námskeiða	610.840	334.460
Tæknibækur, blöð og áskrift	339.078	0
Innheimtukostnaður	124.645	125.420
Burðargjöld	94.422	22.596
Ákvæðisvinnustofa	0	826.785
Námskeiða- og verkefnakostnaður	191.280.197	95.508.658

	2023	2022
12. Laun og verktakagreiðslur		
Laun	142.901.875	120.986.847
Orlof starfsmanna; hækkun	1.769.000	204.000
Tryggingagjald	10.556.848	8.903.728
Lífeyrissjóðsgjöld	19.875.592	16.602.972
Ökutækjastyrkir	3.472.084	2.626.532
Dagpeningar	1.501.671	228.183
Verktakar	89.147.681	28.605.614
Annar starfsmannakostnaður	8.854.216	4.120.325
Dáttaka ákvæðisvinnustofu í launum	(1.063.175)	0
Laun og verktakagreiðslur	277.015.792	182.278.201
Stöðugildi að meðaltali	12,0	11,5

13. Annar rekstrarkostnaður

Húsaleiga	32.780.140	30.125.675
Ræsting, öryggisgæsla o.fl.	10.296.973	8.541.870
Viðhald húsnæðis	8.044.624	5.881.721
Hússjóður	2.879.699	3.880.451
Móttaka gesta, gjafir og framlög	4.476.241	3.017.303
Fundarkostnaður	2.441.219	1.959.839
Sími, fjarskipti og burðargjöld	2.243.538	1.912.652
Reikningsleg aðstoð	1.827.407	1.205.423
Aðkeypt sérfræðipjónusta	2.397.244	1.119.512
Ritföng og prentun	1.516.780	864.511
Rafmagn og hiti	707.560	787.068
Vátryggingar	464.552	423.472
Gjaldfærð áhöld og viðhald	361.892	227.562
Íþróttastyrkur og gjafakort	180.000	150.000
Annar kostnaður	75.301	26.063
Annar rekstrarkostnaður	70.693.170	60.123.122

Undirritunarsíða

lögiltur endurskoðandi
Theodór Siemsen Sigurbergsson

Stjórnarformaður
Hjörleifur Stefánsson

Stjórnarmaður
Andri Jóhannesson

Stjórnarmaður
Helgi Ingólfur Rafnsson

Stjórnarmaður
Andri Reyr Haraldsson

Stjórnarmaður
Hjörtur Árnason

Stjórnarmaður
Margrét Halldóra Arnarsdóttir

Stjórnarmaður
Ragnar Guðmundur Gunnarsson

Stjórnarmaður
Pétur Hákon Halldórsson

Framkvæmdastjóri
Þór Pálsson